

GJALDSKRÁ

Fjármálaeftirlitsins fyrir athugun á útboðslýsingu í almennu útboði verðbréfa.

1. gr.

Fyrir athugun Fjármálaeftirlitsins á útboðslýsingu vegna almenns útboðs, sbr. 3. mgr. 52. gr. IV. kafla laga nr. 108/2007 um verðbréfavaiðskipti, skal greiða þóknun samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Fyrir athugun á útboðslýsingu skal greiða tímagjald sem nemur kr. 12.500.

3. gr.

Að lokinni athugun og gegn greiðslu kostnaðar afhendist verkbeiðanda útboðslýsing ásamt staðfestingu.

Sé hætt við útboð eftir að athugun á útboðslýsingu er hafin, greiðir verkbeiðandi áfallinn kostnað samkvæmt reikningi.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af stjórn Fjármálaeftirlitsins, sbr. 3. mgr. 52. gr. laga nr. 108/2007. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1075/2005, um sama efni.

Fjármálaeftirlitinu, 27. janúar 2009.

Ragnar Hafliðason.

Páll Friðriksson.